



- UMSÖGN -

Vörulýsing:	Einangrunargler til almennrar notkunar í byggingar.
Vöruheiti:	Einangrunargler TopN+, Energy N, Planibel G, Sunergy, Stopsol, Stopray, Blackpearl, flotgler glært og litað, Clearvision extra glært, Linea Azzurra, Pyrobellite og Pyrobel, þ.e. alls 13 megingerðir.
Umsagnarhafi:	Glerverksmiðjan Samverk ehf., Eyjasandi 2, 850 Hellu.
Framleiðandi:	Glerverksmiðjan Samverk ehf., Eyjasandi 2, 850 Hellu.
Staðfestingargögn:	1. Skýrslur tilnefndra prófunarstofa viðvíkjandi upphafsgerðarprófunum og –útreikningum, sem staðfesta samræmi við staðalinn ÍST EN 1279-5, sem er samhæður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar. 2. EC-samræmisfirlýsing framleiðanda, dags. 10. janúar 2012, sjá fylgiskjal.

Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. 2. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1 og gr. 5.1.4. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Á vörunni sjálfri eða í afhendingargögnum skulu eftirfarandi merkingar koma fram: heiti vörunnar, heiti eða auðkenni og aðsetur framleiðandans og númer ofangreinds staðals, auk tækniupplýsinga skv. lið ZA.3 í staðlinum; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar.
- Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilnefnds aðila einungis til að annast upphafsgerðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri EC-samræmisfirlýsingu.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir einangrunargler til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem einangrunarglerið er staðsett.
- Í RB-blöðunum Rb(31).121.1, 2 og 3 er að finna upplýsingar um val glergerða, sbr. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 8.5.2.

UMSAGNARORD

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem einangrunargler í byggingar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er tilnefndur aðili sem prófunarstofa (notified test laboratory), nr. 1066, fyrir einangrunargler. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur: 5. mars 2013


Rögnvaldur S. Gíslason,
vottunarstjóri.


Jón Sigurjónsson,
yfirverkfræðingur.

FYLGISKJAL: EC-samræmisfirlýsing framleiðanda (cin bls.).